

# UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

Umhverfis- og skipulagsnefnd - 9090. fundur umhverfis- og skipulagsnefndar  
haldinn í Ráðhúsi Snæfellsbæjar, föstudaginn 21. ágúst 2015  
og hófst hann kl. 12:00.

## Fundinn sátu:

Pétur Steinar Jóhannsson Nefndarmaður, Drífa Skúladóttir Nefndarmaður,  
Halldór Kristinsson Nefndarmaður, Illugi Jens Jónasson Nefndarmaður,  
Margrét Björk Björnsdóttir Nefndarmaður, Ásdís Lilja Pétursdóttir Ritari, Davíð  
Viðarsson Embættismaður og Sigurður Sveinn Guðmundsson  
Embættismaður.

Fundargerð ritaði: Ásdís Lilja Pétursdóttir, .

## Dagskrá:

- 1. 1508006 - Múlavirkjun\_umsögn vegna tillögu að breytingu á deiliskipulagi**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd gerir ekki athugasemd við breytingu deiliskipulagsins.
- 2. 1508008 - Sólbrekka, Þórdísarflöt\_eigendur óska eftir leyfi til að fella 20 feta geymslugám inn í jarðvegsmön ofan við húsið Sólbrekku**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið sem skráningarskylt mannvirki, sem kallar á breytingu á deiliskipulagi. Unnt er að veita stöðuleyfi fyrir gáminn á meðan deiliskipulagsbreyting er í ferli.
- 3. 1508007 - Norðurtangi, höfnin í Ólafsvík\_ Olís sækir um að setja upp flotbryggju við suðurenda flotbryggju N1's**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur jákvætt í erindið en óskar eftir frekari gögnum og samþykki hafnarstjórnar.
- 4. 1508005 - Skálholt 17\_sótt er um að klæða húsið með bárujárni.**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 5. 1508003 - Laufás 2\_ sótt er um leyfi til að skipta um alla glugga í húsinu ásamt hurð sem snýr út að palli og bakhurð sem snýr í austur.**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 6. 1508001 - Bárðarás 20\_óskað eftir að fá að saga niður úr stofuglugga á bakhlið til að gera hurð (flóttaleið)**  
Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

- 7. 1507004 - Brautarholt 24\_Umsókn um leyfi til að skipta um glugga skv. teikningu.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 8. 1507001 - Hraunbalar 8\_viðbygging**

Þar sem í deiliskipulagstillögu var gert ráð fyrir allt að 80 fermetra húsum, þar af allt að 10 fermetrum í aukahúsi/geymslu, getur umhverfis- og skipulagsnefnd ekki samþykkt erindið fyrr en að lokinni grenndarkynningu. Nefndin bendir á að mikilvægt sé að uppfæra deiliskipulagstillögu og ganga frá deiliskipulagi fyrir svæðið ef til frekari uppbyggingar kemur.
- 9. 1504010 - Hábrekka 6\_viðbygging**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið. Nefndin minnir jafnframt á að byggingarleyfið tekur gildi þegar öll gögn hafa borist.
- 10. 1508002 - Dyngjubúð 1\_Sótt er um samþykki til að endurgera bílskúr sem er til staðar, breyta gluggum, bílskúrshurð og klæða húsið með standandi båruklæðningu skv. innsendum teikningum.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 11. 1508009 - Brautarholt, Staðarsveit\_umsókn um byggingarleyfi fyrir einbýlishúsi, steinsteyptu á tveimur hæðum skv. innsendum teikningum.**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.
- 12. 1508010 - Sölvaslóð 1\_teikningar til samþykktar**

Fyrir fundinn bårust teikningar án formlegs erindis, en með kröfu um samþykki á teikningunum samkvæmt tölvupósti. Umhverfis- og skipulagsnefnd frestar málinu en fer fram á að formlegt erindi verði sent inn. Byggingarfulltrúa er falið að ræða við eiganda og athuga hvort núverandi hús sé í samræmi við innsendar teikningar.
- 13. 1508004 - Skarðsvík - deiliskipulag lagt fram til kynningar og sótt um framkvæmdaleyfi fyrir skábraut að strönd**

Umhverfis- og skipulagsnefnd tekur vel í erindið en vill stytta skábrautina skv. merkingu sem strikað hefur verið í teikningu. Nefndin fer fram á að steypan verði lituð dökk til samræmis við umhverfið. Nefndin óskar eftir nýrri teikningu til samþykktar og getur afgreitt hana með hraði.
- 14. 1507005 - Vatnshellir\_umsókn um áningarpall í hellismunna fyrir ferðafólk**

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

## UMHVERFIS- OG SKIPULAGNEFND SNÆFELLSBÆJAR

---

15. 1507002 - Sandholt 45\_breyting a eign í íbúðarhúsnæði og bygging sólpalls

Umhverfis- og skipulagsnefnd samþykkir erindið.

16. 1506019 - Umhverfisstofnun/Þjóðgarðurinn Snæfellsjökull\_framkvæmdaleyfi fyrir 900 m skurði fyrir vatnslögn frá borholu að gestastofu á Malarrífi

Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt erindið.

17. 1507003 - Nes, skiki úr Bárðarbúð\_umsókn um lagningu vegslóða skv. gildandi deiliskipulagi og meðfylgjandi uppdrætti að Nesi

Umhverfis- og skipulagsnefnd var kynnt erindið.

Fleira ekki gert. Fundi slitið kl. 14:15.